

Tillaga 1

21. Körfuknattleiksþing, haldið 1. og 2. maí 1981, samþykkir að kjósa two menn til að kanna möguleika á útgáfu blaðs sem fjalli sérstaklega um körfuknattleik.

Nefndin skili tillögum til stjórnar KKÍ fyrir 1. ágúst nk.

Greinargerð

Síðustu ár hefur KKÍ gefið út fjörlritað frétt bréf KKÍ-fréttir. Þetta bréf hefur reynst þokkalegur fréttamiðill og því hefur verið dreift á leikjum í u.p.b. 500 eintökum. Ef unnt reyndist að bæta við þessa útgáfu myndefni, erlendum fréttum og innlendum er nokkuð víst að koma mætti saman blaði sem gæti komið út annan hvern mánuð yfir keppnistímabilið. Þannig blað hefur óhemju mikið útbreiðslugildi.

## Tillaga 2

21. Körfuknattleiksþing, haldið 1. og 2. maí 1981, samþykkir að kjósa tvo menn til að gera tillögur um fyrirkomulag firma-keppni KKÍ.

Nefndin skili tillögum til stjórnar KKÍ fyrir 15. september nk.

## Greinargerð

Firmakeppni KKÍ sem haldin var síðasta vetur sýndi ótvírætt, að mikill áhugi er fyrir keppni "trimmara" í körfuknattleik. Fyrirkomulag keppninnar og leikreglur þarf að endurskoða í ljósi þeirrar reynslu sem fékkst.

Einnig þarf að kanna möguleika á því að breiða keppnina frekar út. Til dæmis má nefna að allmög fyrir tæki á Suðurnesjum gætu hugsanlega tekið þátt í keppninni í sérriðli.

Tillögur þarf að fá um það hvernig fella megi bessa keppni í fastan farveg innan KKÍ og gefa fulltrúum "trimmaranna" kost á því að njóta sameiginlegra þjónustu KKÍ.

Tillaga nefndar til eflingar körfuknattleiks kvenna á Íslandi - sjá bls. 21.

1. Stjórn KKÍ skal gangast fyrir hraðmóti í körfuknattleik fyrir 3. aldursflokk kvenna.
2. Stjórn KKÍ skal gangast fyrir hraðmóti í körfuknattleik fyrir meistaraflokk kvenna og fá til þess móts tvö erlend félagslið, reynist þess nokkur kostur.
3. 21. Körfuknattleiksþing samþykkir að veita kr. 10.000 til alþjóðlegs hraðmóts fyrir meistaraflokk kvenna.